2026 - 2027

Kennsluáætlun Norðlingaskóla

Sund 1. - 2. bekkur

Kennarar: Sandra Rán Garðarsdóttir

Megintilgangur skólasunds og heilsueflingar í grunnskóla er að efla líkamlega, andlega og félagslega vellíðan nemenda með reglubundinni hreyfingu, fræðslu og uppbyggilegum viðhorfum til heilbrigðs lífsstíls. Í gegnum fjölbreyttar æfingar og leiki fá nemendur tækifæri til að styrkja líkama og huga, efla sjálfstraust, læra að setja sér markmið, takast á við áskoranir og rækta jákvæð samskipti. Kennslan á að taka mið af þörfum allra nemenda og stuðla að jafnræði, virðingu og vellíðan. Nemendur eiga að læra um áhrif hreyfingar á heilsu og líðan, átta sig á eigin ábyrgð á vellíðan sinni. Kennslan á að byggjast á markvissri hreyfiþjálfun í vatni og skýrri fræðslu þar sem lögð er áhersla á að læra grunnhreyfingar sundgreina og að bjarga sér á sundi.

Aðalnámskrá grunnskóla - Skólaíþróttir

Kennsluaðferðir/vinnulag

Unnið verður eftir aðferðum leiðsagnarnáms sem felur m.a. í sér að endurgjöf er veitt jafnt og þétt til nemenda á meðan verkefnavinnu stendur, nemendur vinna með námsfélögum og eru meðvitaðir um viðmið um árangur.
Áhersla verður lögð á fjölbreytta kennsluhætti.

Námsgögn

- Námsefni frá kennurum.
- Búnaður frá sundlaugunum

Námsmat

Fjölbreytt og sveigjanlegt námsmat. Nemendur fá að velja um ýmsar leiðir til þess að tjá skilning sinn á tilteknu viðfangsefni. Frammistöðu mat í sundi fer fram jafnt og þétt yfir önnina til þess að tryggja að matið gefi rétta mynd af stöðu nemanda.